

ÁKVÖRÐUN nr. 161**frá 15. febrúar 1996**

um endurgreiðslu þar til bærrar stofnunar aðildarríkis á kostnaði sem stofnað er til á meðan dvalist er í öðru aðildarríki í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72(*)

(96/249/EB)**FRAMKVÆMDARÁÐ EVRÓPUBANDALAGANNA UM FÉLAGSLEGT ÖRYGGI FARANDLAUNÞEGA HEFUR,**

með hliðsjón af a-lið 81. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 1408/71 frá 14. júní 1971, en samkvæmt honum skal framkvæmdaráðið fjalla um allt er lýtur að framkvæmd ákvæða reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 og reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 574/72,

með hliðsjón af 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Þar til bærrri stofnun ber að hefja málsmeðferðina sem um getur í 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72.

Málsmeðferðin er einfölduð og flýttir fyrir skjótri endurgreiðslu á bótum til hins tryggða.

Því er áriðandi að bæta möguleikann á að styðjast við þessa málsmeðferð og rýmka mörkin sem kveðið er á um í ákvörðun nr. 149 frá 26. júní 1992 og setja nýja ákvörðun í hennar stað.

Við ákvarðanatöku skulu ákvæði 3. mgr. 80. gr. reglugerðar (EBE) nr. 1408/71 lögð til grundvallar.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. Ákvæði 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 skulu einungis gilda ef heildarfjárhæð kostnaðar sem stofnað er til við tímabundna dvöl er lægri eða jafnhá fjárhæð sem hvert aðildarríki um sig fastsetur og má ekki vera hærri en 500 ECU.
2. Þegar ákvæðunum sem um getur í 1. lið er beitt skal umreikna fjárhæð kostnaðar sem stofnað er til á gengi endurgreiðslumánaðarins.
3. Þessi ákvörðun kemur í stað ákvörðunar nr. 149 frá 26. júní 1992 og öðlast gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Formaður framkvæmdaráðsins

Giuseppe MICCIO

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 83, 2. 4. 1996, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 62/96 frá 22. nóvember 1996 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.